

Árið 2005, fimmtudaginn 4. ágúst, kl. 15:00 kom Áfrýjunardómstóll ÍSÍ saman á skrifstofu ÍSÍ í Laugardal í Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir dómendur:

Jón G. Zoëga, Björgvin Þorsteinsson og Helgi I. Jónsson.

Fyrir er tekið:

Nr. 1/2005
Leiftur/Dalvík
gegn
stjórn KSÍ

Lagt er fram:

Nr. 1 Kæra dags. 9/7 2005, móttokin 19/7 2005

Nr. 2 Greinargerð áfrýjanda

Nr. 3 Mappa með undirgögnum

Nr. 4 Viðbótargreinargerð dags. 4/8 2005

Fulltrúi áfrýjanda hefur boðað forföll en hefur sent viðbótargreinargerð í faxi, sbr. dskj. nr. 4.

Kl. 15:30 mætir fulltrúi varnaraðila, Steinar Þór Guðgeirsson hrl. Hann mótmælir því að málið verði tekið fyrir hjá Áfrýjunardómstól ÍSÍ þar sem hann telur að málið hafi ekki almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Beri því að vísa málinu frá dóminum.

Er nú í málinu kveðinn upp svofelldur dómur:

Dómur Áfrýjunardómstóls KSÍ var kveðinn upp 7.júní 2005. Áfrýjun er dagsett 9. júlí 2005 og móttokin 19. sama mánaðar. Samkvæmt grein 33.3 í lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands er áfrýjunarfrestur tilgreindur ein vika frá því aðila málsins var fyrst kunnugt um niðurstöðu þess, en þó lengstur 4 vikur. Var áfrýjunarfrestur því liðinn þegar málinu var áfrýjað og ber því þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi.

D Ó M S O R Ð:
Máli þessu er vísað frá Áfrýjunardómstóli ÍSÍ.

Fleira ekki gert.
Dómþingi slitið.

Björgvin Þorsteinsson (sign)
Helgi I. Jónsson (sign)

Jón G. Zoëga (sign)